

Námsvísir: Smíðjur á miðstigi Hvolsskóla 2008-2009

Smíði/mótun

Kennari:

Guðrún Auður Björnsdóttir

Markmið skóla:

Eru miðuð við Aðalnámsskrá grunnskóla - listgreinar frá 1999.

Nemendur þjálfast í að mæla og saga út af nákvæmni, þússa og meðhöndla lím, þvingur og vatnsliti. Hlutir teiknaðir upp og málsettir. Þroska sköpunargleðina.

Áhersla er lögð á öryggisþætti í umgengni véla og verkfæra og umgengni í stofu rifjuð upp.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði:

Nemendur koma 2x90mín. í átta vikur í senn.

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum), hugmyndavinna og sköpun

Verkefni verða mismunandi eftir hópum til að fá meiri fjölbreytni. Ýmsir hlutir úr krossvið og öðru sem nemendur ráða við.

Námsgögn:

Notuð verða þau verkfæri, tól og tæki sem smíðastofan býr yfir ásamt handbókum og ljósritum.

Námsmat:

Kennaraeinkunn, verkefni nemanda og vinna metin þannig: sjálfstæði/frumkvæði 40%, ástundun/vandvirkni 20%, fer eftir fyrirmælum 20% og umgengni/hegðun 20%.

Sjálfsmat-nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma á ákv. eyðublað og kennari metur vinnu nemandans á sama blað. Kennari skráir inn í Mentor.